Alþingi, nefndasvið
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 27. mars 2017
Tilvísun: 2017030414HSÞ/--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um jafnræði í skráningu foreldratengsla

Persónuvernd vísar til tölvupósts allsherjar- og menntamálanefndar frá 8. mars 2017 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um jafnræði í skráningu foreldratengsla (þskj. 161, 102. mál á 146. löggjafarþingi).

I.

Fyrrgreind tillaga gerir ráð fyrir að Alþingi ályktí að fela dómsmálaráðherra að setja reglugerð um framkvæmd laga um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, þar sem tryggt verði að jafnræði ríki með foreldrum barna með tilliti til skráningar foreldratengsla í þjóðskrá og afnumin verði sú mismunun sem nú eigi sér stað gagnvart mæðrum í samkynja hjúskap eða sambúð.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að mæðrum í samkynja hjúskap eða skráðri sambúð sé gert að afhenda Þjóðskrá Íslands yfirlýsingu um að barn þeirra sé getið með tilstyrk tæknifrjóvgunar, ella verði sú kona ein skráð foreldri sem ól barnið. Þessi krafa sé ekki gerð til gagnkynhneigðs fólks í hjúskap eða skráðri sambúð sem hafi notið atbeina tæknifrjóvgunar við barnsgetnað og verði þessi framkvæmd því til þess að fólki sé mismunað á grundvelli kynferðis.

II.

Í 2. mgr. 6. gr. barnalaga nr. 76/2003 er lögfest sú regla að kona sem samþykkt hefur að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu sinni samkvæmt ákvæðum laga um tæknifrjóvgun teljist foreldri barns sem þannig er getið. Sama eigi við um konur sem skráð hafi sambúð sína í þjóðskrá. Í 3. mgr. sama ákvæðis er að finna sambærilega reglu um gagnkynhneigð pör. Hin svokallaða „pater est"-regla er svo lögfest í 2. gr. sömu laga, sbr. 1. mgr. ákvæðisins þar sem segir meðal annars að eiginmaður móður barns teljist faðir þess ef það er alið í hjúskap þeirra.

Persónuvernd gerir ekki athugasemd við að regla, sambærileg „pater est"-reglunni, verði látin gilda um skráningu foreldratengsla hjá mæðrum í samkynja hjúskap eða sambúð. Sé ætlunin að breyta þeirri framkvæmd sem fyrrnefnd lagaákvæði gera ráð fyrir er það þó mat Persónuverndar að slíkt kalli á lagabreytingar. Í því sambandi vekur Persónuvernd athygli á fyrirhugaðri endurskoðun á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu, nr. 54/1962, en samkvæmt bréfi Þjóðskrár til Persónuverndar, dags. 7. júlí 2016, hófst vinna við þá endurskoðun á árinu 2010. Persónuvernd hefur reglulega bent á í umsögnum sínum, bæði til Alþingis og innanríkisráðuneytisins, að tímabært sé að fyrrgreind lög verði endurskoðuð og hefur stofnunin auk þess bent á hnökra í löggjöf um Þjóðskrá Íslands í nokkrum úrskurðum.

III.

Til hliðsjónar vill Persónuvernd benda á að á árinu 2013 tók stofnunin til skoðunar hvort upplýsingaöflun Þjóðskrár Íslands við skráningu foreldratengsla í tilviki mæðra í samkynja hjúskap samrýmdist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. úrskurð Persónuverndar frá 12. nóvember 2013 í máli nr. 2013/999. Nánar tiltekið hafði Þjóðskrá Íslands í því tilviki óskað eftir afriti af samþykki kvartanda fyrir því að eiginkona hennar gengist undir tæknifrjóvgun. Í málinu var meðal annars lagt mat á það hvort fyrrgreind vinnsla persónuupplýsinga gæti stuðst við heimild í 3. eða 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000, þar sem slík vinnsla er heimiluð sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu þess sem ábyrgð ber á vinnslunni eða við beitingu opinbers valds. Persónuvernd taldi, í ljósi þeirra víðtæku heimilda sem Þjóðskrá Íslands hefur til gagnaöflunar vegna almannaskráningar, að umrædd vinnsla, er laut að öflun samþykkis kvartanda vegna útgáfu fæðingarvottorðs fyrir barn hennar og skráningu þess í þjóðskrá, hefði uppfyllt ákvæði 3. og 6. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, enda hefði hún farið fram í málefnalegum tilgangi, nánar tiltekið til að rannsaka hvort lagaskilyrðum 2. mgr. 6. gr. barnalaga nr. 76/2003 væri fullnægt og til að tryggja rétta og áreiðanlega almannaskráningu.

Sem fyrr segir gerir Persónuvernd ekki athugasemd við þá breytingu sem þingsályktunartillögunni er ætlað að skila, en áréttað er það mat stofnunarinnar að slíkt kalli á lagabreytingar.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson

Helga Sigríður Þórhallsdóttir